

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hörgársveit.

Breytingar á deiliskipulagi í landi Skúta og hluta úr landi Moldhauga og Tréstaða.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 29. október 2024 breytingu á deiliskipulagi í landi Skúta og hluta úr landi Moldhauga og Tréstaða. Breytingin felst í því að byggingarreitur nr. 3 á deiliskipulagi er breikkaður um 4 metra og lengdur um 3 metra og verður eftir breytingu 16 metra breiður og 43 metra langur. Byggingarmagn á reitnum eykst jafnframt úr 480 m² í 690 m². Þá er jafnframt gerð breyting á byggingarreitum nr. 8, 9, 10 og 11 þar sem hver byggingarreitur er lengdur um 15 m. Eftir breytingu verða byggingarreitirnir 12 metra breiðir og 65 metra langir en byggingarmagn helst óbreytt. Fyrir utan þessar breytingar gildir núverandi greinargerð deiliskipulagsins.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 11. nóvember 2024,

Arnar Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. nóvember 2024